

## SÁLF3CK05

### Sálfræði og kvikmyndir

**Undarfarar:** SÁLF2BÞ05/SÁLF2BT05

**Stutt lýsing á efni áfangans:**

Hugmyndafræði sálfræðinnar og fræðileg hugtök eru kynnt í gegnum kvikmyndir. Fjölmargar kvikmyndir eru til sem byggja að meira eða minna leyti á sálfræðilegri þekkingu. Sem dæmi má nefna Das Experiment, 12 Angry Men, Memento og A Beautiful Mind (svo einungis fáein dæmi séu tekin). Rýnt verður í valið úrtak kvikmynda og nemendur vinna verkefni um þær með tilliti til sálfræðilegrar þekkingar.

**Nokkur lykilhugtök áfangans:**

Hvaða lykilhugtök sem er úr sálfræðinni getur komið hér við sögu. Dæmi um efni sem unnið er með: Minni, geðraskanir, þroskaraskanir, félagsleg áhrif.

**Námsmat:**

Engin próf eru í áfanganum en námsmat byggt á verkefnavinnu yfir alla önnina.